

13. nóvember 2012

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) vill lýsa yfir ánægju með að frumvarp er komið fram um sameiningu Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs, breytingu á Tækjasjóði í Innviðasjóð og að veita Markáætlun stoð með lögum. Ákvæði um niðurstöður rannsókna varðandi opinn aðgang er til bóta. Það eru þó, nokkur atriði sem Rannís vill vekja máls á:

1. Tækjasjóður er tiltölulega lítill sjóður, skv. fjárlagafrumvarpi 2013 eru til ráðstöfunar 106 m. kr. Samkvæmt frumvarpinu er Innviðasjóður ekki einungis fyrir ríkisaðila (rannsóknastofnanir og háskóla), sbr. núverandi lög, heldur jafnframt fyrirtæki. Ekki er gerð athugasemd við það, heldur smæð sjóðsins og mikla þörf fyrir uppbyggingu innviða hvort sem er hjá ríkisaðilum eða fyrirtækjum.

Vakin er athygli á því að núverandi Tækjasjóði hefur verið skylt að leggja til hliðar fjármuni undanfarin ár og er í lok árs 2011 inneign hjá ríkissjóði að upphæð nærri 300 m. kr. Með víðtækara hlutverki er því eðlilegt að stefnt sé að því að sjóðurinn stækki og ekki síst að losað sé um fjármuni sem ekki hefur verið heimilt að nota til stuðnings uppbyggingar innviða/tækja.

2. Í 1. gr. frumvarpsins a. lið má bæta við málslið þar sem lagt er til að „... á Íslandi“ falli út úr 2. gr. Í I. kafla um markmið kemur fram að „Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi.“ Með þessari breytingu má gera ráð fyrir meiri sveigjanleika til að takast á við alþjóðlegt samstarf, þó eftir sem áður skuli sjóðurinn vinna að því að „efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi“. Vísindarannsóknir og rannsóknarnám getur farið fram erlendis af Íslendingum (ef vill) og þar með þjónað íslenskum hagsmunum.

3. Í 4. gr. frumvarpsins, 5. gr. laganna, kemur fram í annarri málsgrein eins og um eitt fagráð sé að ræða, en í málsgreininni á undan er fjallað um að fagráðin eru fleiri en eitt og á helstu sviðum vísinda. Æskilegt er að fjalla um þau í fleirtölu í allri lagagreininni.

4. Athygli vekur að í umfjöllun um úthlutunarreglur 5. gr. a. í frumvarpi, að „Stjórn sjóðanna gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests viðkomandi sjóðs og skulu þær kynntar ráðherra.“ Í 2. gr. laganna kemur fram að sjóðurinn skuli veita styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs auk þess sem stjórn sjóðsins gengur frá handbók fyrir umsækjendur. Lagt er til að „og þær skulu kynntar ráðherra“ falli út, en ráðherra hefur ávallt aðgang að upplýsingum um sjóði og annað sem að þeim lítur, enda yfirmaður þeirra.

5. Í 6. gr. frumvarpsins varðandi 1. tölul. 10. gr. laganna segi: Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda og tækni. Lagt er til að bæta við „og nýsköpunar“ til að áréttta vítt hlutverk, sérstaklega markáætlunar, sbr. 5. gr. b. lið og þá standi Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

Að lokum þá kemur fram í umsögn um frumvarpið að „Í frumvarpinu eru þau nýmæli lögð til að niðurstöður rannsókna sem fengið hafa styrki úr samkeppnissjóðunum verði birtar í opnum aðgangi. Ekki er talið að þetta hafi verulegan kostnað í för með sér þar sem t.d. birting rannsóknamiðurstaðna á heimasíðu uppfyllir viðmið um opinn aðgang.“ Rannís hefur undirbúið reglur um birtingu á niðurstöðum í opnum aðgangi, en gerð verður krafa um að niðurstöður verkefna sem Rannsóknasjóður styrkir séu birtar á alþjóðlegum vettvangi, í ritrýndum viðurkenndum tímaritum eða öðrum ritverkum sem eru aðgengileg almenningi. Um er að ræða tvær megin leiðir, að birta efnid í tímariti með opinn aðgang og hinsvegar að senda efnid til geymslu í opnu varðveislusafni. Það er því ekki um að ræða birtingu á heimasíðu án nokkurs kostnaðar, heldur gert ráð fyrir ferli sem tryggir gæði og hefur í för með sér kostnað.

101 Reykjavík

sími / phone: +354 515 5803 / +354 898 0071

hallgrimur@rannis.is

www.rannis.is